Litið inn á sýningu hjá Baltasar á Kjarvalsstöðum

„Ég er að kveðja þessi hefðbundnu mótív og leita nýrra leiða...“



— Ég vildi skipta um tækni — festast ekki í því að mála hefðbundið með olíulitum, þungum og dökkum. Ég byggi ekki lengur aðeins á litum, heldur og línum, og er einhvern veginn smátt og smátt að kveðja þessi hefðbundnu mótív og leita nýrra fanga, sagði Baltasar listmálari er blaðamaður Mbl. leit inn á sýningu hans á Kjarvalsstöðum í gær og lét í ljós þá skoðun, að veruleg breyting væri sýnilega að verða á bæði viðfangsefnum hans og litameðferð. Yfir sýningunni er í leikmanns augum léttur og litskrúðugur blær og stór verk hans átta talsins sem t.d. eru gerð eftir kvæði Einars Benediktssonar „Fákar“ sérstæð.



Baltasar

„Þetta má eiginlega segja að sé uppgjör milli mín og hestamyndanna sem ég hef verið að mála í mörg ár,“ sagði hann. „Nú er ég ekki aðeins að mála hestana fysiskt, heldur hesta sem áhrif. Ég hef þekkt þetta ljóð lengi og það hafði kitlað mig að reyna að vinna upp úr því samkvæmt þeim áhrifum sem ég hafði orðið fyrir. Ég býst við ég hafi nálgast viðfangsefnið eins og ég geri mér í hugarlund að tónskáld nálgist að gera sinfóníu ...


— Stundum er ég ánægður með það sem ég geri og í heild er ég dús við þá þróun sem mér finnst hafa orðið á ferli mínum síðustu ár. En víst vill maður alltaf gera betur, leita eftir því að útfæra nánar það sem ég vildi sagt hafa.“

Baltasar sýnir þarna fjörtíu og tvær myndir og eru þær unnar á tímabilinu 1978—1980. Hann sagðist hafa orðið var við að ungt fólk sem hefði komið á sýninguna hefði orðið töluvert hrifið og eins hefði hann orðið var við ágætar undirtektir fulltrúa á Norðurlandaráðsþingi, sem skoðuðu sýninguna í tengslum við boð sem þeim var haldið á Kjarvalsstöðum.

Með vorinu fer Baltasar ásamt Kristjönu, konu sinni, vestur til Arizona til nokkurra mánaða dvalar, og kváðust þau hyggja gott til glóðarinnar, að sjá sig þar um og nota tímann til að anda að sér nýju lofti og fást við ný viðfangsefni. „Auk þess er nauðsynlegt að fá sér átthagahvíld öðru hverju — ekki sízt eftir sýningar,“ sagði Baltasar að lokum.

Sýning Baltasars stendur til sunnudagskvölds.

Ljósm. Mbl. ÓL. K. Magn.



104°F



„Það sem keisarans er ....“

Rafmagnsskortur tilfinnanlegur við Djúp

Nýr fréttaritari hefur tekið til starfa fyrir Morgunblaðið. Er það Ágúst Gíslason, Botni, Ísafjarðardjúpi, birtist hér á eftir fyrsta fréttabréfið frá honum:

Botni, 25. febrúar 1980.

Í dag geisar hér afspyrnusuðvestan rok og er bæði rafmagns- og símasambandslaust, enda vart fært milli húsa. Annars hefur tíðarfar hér verið með eindæmum gott í vetur og nánast blíðviðri allan þorrann, allt fram á öskudag að breytti.

Þá verður það að teljast frétt-næmt, að vegir eru hér nú sem á vordegi og hefur verið fólksbílafært hér inn um Djúp, jafnvel allt norður að Kaldalóni, frá því í endaðan nóvember en þá hafði verið ófærð um tíma, en vegna framboðsfundar, sem haldinn var í Reykjanesskóla, voru vegir mokaðir. Tók það frambjóðendur 10 klst. að komast frá Ísafirði inn í Reykjanes með aðstoð snjóruðningstækja en þangað er 3 klst. akstur í venjulegu.

Hafði fólk sæmilega skemmtun af fundi þessum en ekki er því að neita að mörgum fannst að fundurinn hefði mátt vera málefnalegri en raun varð á.

Jólahald fór hér tíðindalítið fram og var veður hið blíðasta um hátíðarnar. Messað var í Vatnsfjarðarkirkju á jóladag og þann 27. desember hélt kvenfélagið Sunna jólatrésskemmtun í Reykjanesskóla, sem var einkum börnunum góð skemmtun.

Það má segja, að Kvenfélagið Sunna sé eini félagsskapurinn sem er starfandi hér í hreppi, en það hélt einnig þorrablót í Djúpmannabúð þann 16. febrúar. Fengu konurnar til liðs við sig Ásgeir Sigurðsson og Gunnar Hólm frá Ísafirði til að leika fyrir dansi, sem dunaði til kl. 4.30 stanslaust, enda ekki dansað á hverju kvöldi hér við Djúp. Aðsókn var einstaklega góð eða 80 manns og kom fólk jafnvel á bát norðanyfir Djúpið til að taka þátt í þorrablótinu.

Rafmagn hefur verið hér af mjög skornum skammti í vetur og hefur það fólk sem komið hefur sér upp rafhitunarbúnaði og keypt til þess ákveðin marktaxta, lítt getað notað þetta og því neyðst til að kynda hús sín meira og minna með olíu en slíkt er sem allir vita algjör húskross í dag. Ástand þetta skapast af vatnsleysi, annars vegar í Blævardalsárvirkjun að norðanverðu við Djúp og hins vegar í Sængurfossvirkjun sem er hér í botni Mjóafjarðar. Mestu mun þó ráða að enn hefur ekki verið lokið við vatnsmiðlun, sem byrjað er á hér við Sængurfossvirkjun, en vitað er með nokkurri vissu, að virkjun þessi, sem er 750kw, muni veita okkur meira en nóg rafmagn þegar lokið hefur verið við vatnsmiðlunina.

Þessa daga er Orkubú Vestfjarða hins vegar að setja upp 200-250KW dísil-rafstöð í Reykjanesi sem varaaflsstöð fyrir Inndjúpið en þessa stöð má samkeyra með Sængurfossvirkjun og mun hún væntanlega komast í gagnið nú í vikunni og vonum við að raforkuskorturinn verði þar með úr sögunni.“